

Mánudaginn 21. febrúar 1966.

Nr. 175/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Árna Jóhanni Friðjónssyni

(Sveinn Snorrason hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómarmennir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Loqi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Brot gegn reglum um sildarsöltun.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi Sildarútvegsnefndar til sildarsaltenda, og þ. á m. hlutafélagsins Íslenzkur fiskur, dags. 24. júní 1964, var félaginu veitt löggilding til sildarsöltunar á sildarvertíð norðanlands og austan 1964. Í bréfi þessu eru saltendur „alvarlega varaðir við að salta sykur- og kryddsild fyrir sænska kaupendur að beiðni umboðsmanna þeirra hér, ef ekki liggur fyrir staðfesting um það frá skrifstofu nefndarinnar.“ Í lok þessa bréfs er tekið fram, að „um söltunarbyrjun . . . mun verða tilkynnt síðar.“ Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um brot ákærða gegn 1. mgr. 3. gr. og 7. gr. laga nr. 62/1962. Þykir refsing ákærða samkvæmt 2. mgr. 11. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, laun verjanda í héraði, kr. 3500.00, og laun verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Jóhann Friðjónsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sekt-

arinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, laun verjanda síns í héraði, Ármanns Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.500.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 12. júlí 1965.

Ár 1965, mánudaginn 12. júlí, var í sakadómi Siglufjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 45/1965: Ákærvaldið gegn Árna Jóhanni Friðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 5. sama mánaðar.

Mál þetta er af ákærvaldins hálfu höfðað gegn ákærða Árna Jóhanni Friðjónssyni framkvæmdastjóra, Túngötu 3, Siglufirði, fyrir að láta á vegum fyrirtækisins Íslenzkur fiskur h/f þann 25. júní 1964 salta 176 tonn af síld á söltunarstöð þeirri á Siglufirði, sem hann veitti forstöðu, án þess að Síldarútvegsnefnd hefði þá leyft söltun síldar. — Er þetta talið varða við 1. mgr. 3. gr. og 7. gr. sbr. 11. gr. laga nr. 62/1962 um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. ágúst 1927 í Langhúsum í Haganeshreppi, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1947 28/3 í Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1961 11/7 á Siglufirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. reglna nr. 116/1957 um stöðumæla í Rvík.

— 27/10 á Siglufirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur og 1. mgr. 27. gr., 49., 50. og 66. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þeir, sem nú verður lýst:

Með bréfi til bæjarfógetans á Siglufirði, dags. 1. júlí 1964, skýrði Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, frá því, að samkvæmt fréttum í dagblöðunum í Reykjavík hefði fyrirtækið Íslenzkur fiskur h/f á Siglufirði hafið söltun síldar þann 25. júní 1964. Hefði fyrirtæki þetta ekki fengið leyfi til söltunar á síld á þessum tíma, enda hefðu engir síldarsaltendur á Norður- og Austurlandi fengið slíkt leyfi. Leyfi til síldarsöltunar hefði hins vegar verið veitt þann 30. júní s. á. kl. 12. Sagði einnig í bréfi þessu, að Síldarútvegsnefnd teldi þetta athæfi vera brýnt brot á lögum um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar og krafðist þess, að málið yrði tekið til rannsóknar og sérstaklega yrði upplýst, hverjir bæru ábyrgð á síldarsöltun þessari, hve mikið magn hér væri um að ræða og hvernig síldin hefði verið verkuð.

Ákærði, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Íslenzkur fiskur h/f á Siglufirði, en fyrirtækið rekur hér síldarsöltunarstöð, hefur skýrt svo frá við rannsókn málsins, að saltaðar hafi verið 176 tonn síldar úr v/s Bergi, VE 44, á söltunarstöð áður nefnds fyrirtækis að kvöldi 25. júní 1964. Hafi síld þessi verið veidd norðaustur af Langanesi, hafi hún verið um 15 klst. gömul, þegar hingað kom, en geymd í kællest frá veiðistað. Síld þá, sem hér um ræðir, segir ákærði hafa verið sykursaltaða fyrir Svíþjóðarmarkað — fyrir fyrirtækið Gust. Richter A/B í Lysekil, en fyrir þetta fyrirtæki séu þeir bræður, Vigfús Friðjónsson og ákærði, umboðsmenn hér á staðnum. Ákærði segir ekki hafa legið fyrir leyfi Síldarútvegsnefndar til þessarar síldarsöltunar, en hann kveðst hafa talið, að heimilt væri að salta þá síld, sem fullnægði þeim skilyrðum, sem áður nefndur kaupandi hafði fyrirfram sett fyrir gæðum og verkun þeirrar síldar, sem hann hugðist kaupa, en fyrirtækið Gust. Richter hafi samið um kaup á 6.500 tonnum síldar við Síldarútvegsnefnd, þegar hér var komið á árinu 1964, en hluta af þessu umsamda magni hafi átt, samkvæmt samningum, að verka á þann hátt sem gert var við áður nefndar 176 tonn að tilskyldu samþykki umboðsmanna fyrirtækisins fyrir gæðum vörunnar, en slíkt samþykki hafi í þessu tilviki legið fyrir. Ákærði kveðst sjálfur hafa ákveðið þá síldarsöltun, sem hér ræðir um. — Til áréttingar því, sem hér að framan er sagt, hefur ákærði tekið fram, að hann viti ekki til, að það sé tekið sérstaklega fram í samningum Síldarútvegsnefndar við sænska síldarkaupendur, að síldarsöltun upp í þá

samninga (þ. e. til Svía) sé háð leyfi nefndarinnar til söltunar, heldur telji hann, að söltun upp í samninga til sænskra síldar-kaupenda fari aðeins eftir ákvörðun umboðsmanna hinna sænsku kaupenda, sem á staðnum séu, þegar viðkomandi söltun fer fram í hvert einstakt skipti. Í því tilviki, sem hér ræðir um, hafi slíkt samþykki verið fyrir hendi frá Vigfúsi Friðjónssyni og ákærða sem umboðsmönnum Gust. Richter A/B í Lysekil.

Við rannsókn málsins hefur Jón Stefánsson, framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, tekið fram, að honum sé ókunnugt um, að sú söltun síldar, sem fram fór á síldarsöltunarstöð Íslenzks Fisks h/f að kvöldi 25. júní 1964, hafi verið rædd við Síldarútvegsnefnd né sótt hafi verið um leyfi fyrir henni til nefndarinnar, hvorki áður en hún fór fram né eftir það, og hafi hún því farið fram í algeru óleyfi nefndarinnar. Þá hefur áður-nefndur framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar tekið fram, að hann telji það engu breyta um margnefnda söltun, þótt umboðsmenn síldar kaupandans hér á staðnum hafi tekið vöruna gilda sem söltunarhæfa, því að lögum samkvæmt sé sú söltun, sem framkvæmd er, áður en Síldarútvegsnefnd leyfir söltun almennt, óleyfileg. Ekki hafi heldur komið fram nein beiðni frá fyrirtækinu Gust. Richter um að hefja söltun síldar fyrir það á neinum ákveðnum tíma né af neinu sérstöku skipi.

Í 3. gr. laga nr. 62/1962 um Síldarútvegsnefnd o. fl. segir, að Síldarútvegsnefnd veiti leyfi til söltunar á síld fyrir erlendan og innlendan markað með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar.

Verður þetta lagaákvæði með engu móti skilið á annan veg en þann, að öll síldarsöltun hér á landi sé skilyrðislaust háð leyfi Síldarútvegsnefndar, almennu eða sérstöku.

Er enginn ágreiningur um, að samþykki eða leyfi Síldarútvegsnefndar hafi ekki verið fyrir hendi til þeirrar söltunar á vegum ákærða, sem hér ræðir um. Teljast allar sannanir bresta fyrir því, að aðrar reglur hafi verið í gildi eða átt að gilda um söltun síldar, sem ætluð var fyrirtækinu Gust. Richter í Svíþjóð, en um aðra síldar kaupendur, þ. e. að síldarsöltun handa því fyrirtæki væri aðeins háð samþykki eða ákvörðun umboðsmanna þess hér á landi, en ekki leyfi eða samþykki Síldarútvegsnefndar, svo sem lög nr. 62/1962 gera skýlaust ráð fyrir. Verður ekki annað séð en að hefði svo verið væru ákvæði nefndra laga um leyfi, sem Síldarútvegsnefnd skal veita til síldarsöltunar samkvæmt 3. gr.

laganna, óvirk og tilgangslaus. — Samþykki umboðsmanna síldarkaupenda fyrir söltun síldar, sem þeim er ætluð, verður samkvæmt áður nefndum lögum aðeins að telja ná til ákveðins magns eða einstakra farma af síld á þeim tíma og á þeim stað, sem Síldarútvegsnefnd hefur leyft síldarsöltun á, sbr. 3. og 7. gr. nefndra laga.

Samkvæmt framansögðu telst því ákærði með ákvörðun sinni um að láta salta þá síld, sem hér ræðir um, hafa brotið 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. laga nr. 62/1962 um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Þykir refsing hans samkvæmt 2. mgr. 11. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ármanns Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.500.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið talsverður dráttur. Stafar hann sumpart af framhaldsgagnaöflun í málinu, sem verjandi ákærða óskaði eftir eftir þingfestingu málsins, en sumpart stafar dráttur þessi af fjarveru dómars.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Jóhann Friðjónsson, greiði 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ármanns Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.